

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir landgræðslusjóð Hofsafréttar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir landgræðslusjóð Hofsafréttar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður Hofsafréttar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi, Lýtingsstaðahreppi, nú til heimilis að Glerárgötu 2, Akureyri, til minningar um foreldra stofnanda, þau Stefán Guðmundsson frá Giljum í Vesturdal og konu hans Sigurlaugu Ólafsdóttur frá Litluhlíð og bróður stofnanda Stefán Stefánsson, járnsmið, og konu hans Steinunni Guðrúnu Eiríksdóttur, Glerárgötu 2, Akureyri.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur. Sjóðurinn skal ávaxtast í útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri. Verði útibúið lagt niður skal sjóðurinn ávaxtast í annarri bankastofnun á Akureyri.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er ræktun á Hofsafrétti í Skagafjarðarsýslu og má ekki verja fé sjóðsins til annarra hluta.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu vera bankaútibússtjóri Útvegsbanka Íslands á Akureyri eða forstöðumaður þeirrar peningastofnunar, þar sem sjóðurinn er ávaxtaður, og bæjarfógetinn á Akureyri eða samsvarandi embættismaður, ef bæjarfógetaembættið verður lagt niður. Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, ársreikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Útvegsbanka Íslands á Akureyri.

6. gr.

Vexti af höfuðstól og gjafir, sem sjóðnum kunna að áskotnast skal leggja við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 300000.00 kr. Eftir það má verja vöxtum til þess að rækta Hofsafrétt í samráði við formann Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps og fjallskilastjórn Hofsafréttar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.